

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/342

2024/EES/83/53

frá 22. janúar 2024

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýflúmetófen, oxapíprólín og pýraklóstróbín í eða á tilteknum afurðum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fœðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (1), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virku efnin sýflúmetófen, oxapíprólín og pýraklóstróbín.
- 2) Að því er varðar sýflúmetófen var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa fyrir sýflúmetófen í dvergbítum og smágúrkum.
- 3) Að því er varðar þessa umsókn óskaði aðildarríki eftir því að nota flýtimeðferðina, sem kveðið er á um í tæknilegum viðmiðunarreglum um málsmeðferð við setningu hámarksgilda leifa (2), til að fastsetja hámarksgildi leifa á grundvelli prófana á leifum á gúrkum.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á prófanir á leifum á gúrkum, innan ramma endurskoðunar á gildandi hámarksgildum leifa fyrir sýflúmetófen, og skilaði rökstuddu álit um tillagt hámarksgildi leifa (3). Þetta álit byggist á núverandi vísindalegri og tæknilegri þekkingu á viðfangsefninu. Þar eð rétt þykir að framreikna út frá prófunum á leifum á gúrkum yfir á dvergbíta, smágúrkur og önnur aldin plantna af graskersætt með ætu hýði, eins og staðfest er með tæknilegum viðmiðunarreglum um framreikning hámarksgilda leifa (4), er ekki nauðsynlegt að óska eftir því að Matvælaöryggisstofnunin leggi sérstaklega fram rökstutt álit um þessar nytjaplöntur.
- 5) Því er rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir sýflúmetófen í dvergbítum, smágúrkum og öðrum aldinum plantna af graskersætt með ætu hýði við 0,4 mg/kg á grundvelli prófanna á leifum sem gerðar voru á gúrkum.
- 6) Að því er varðar oxapíprólín var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa fyrir hreðkublöð.
- 7) Að því er varðar pýraklóstróbín var lögð fram umsókn skv. 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um innflutningsvikmörk fyrir þetta efni sem er notað á papæjaldin í Brasilíu. Umsækjandinn lagði fram gögn sem sýna að notkun pýraklóstróbíns á þá nytjaplöntu sem er leyfð í Brasilíu leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa sem fastsett voru í reglugerð (EB) nr. 396/2005 og að þörf sé á hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum þegar þessi nytjaplanta er flutt inn.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/342, 23.1.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) „Technical guidelines MRL setting procedure in accordance with Articles 6 to 11 of Regulation (EC) No 396/2005 and Article 8 of Regulation (EC) No 1107/2009“ (SANTE/2015/10595 Endursk. 6.1).

(3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu. „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for cyflumetofen according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(8), 6812.

(4) „Technical guidelines on data requirements for setting maximum residue levels, comparability of residue trials and extrapolation of residue data on products from plant and animal origin“ (SANTE/2019/12752 – 10. maí 2023).

- 8) Viðkomandi aðildarríki mátu umsóknirnar í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.
- 9) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar. Hún rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa <sup>(5)</sup>. Hún sendi rökstuddu álitin sín til umsækjendanna, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.
- 10) Að því er varðar oxapiáprólín í hreðkublöðum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar hvernig eigi að koma tillögðum hámarksgildum leifa í framkvæmd þar eð hreðkublöð eru á skrá í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr.396/2005 og flokkuð í undirhópinn grænkál, sem um getur í A-hluta þessa viðauk, en leifar af oxapiáprólíni í hreðkublöðum stafa af notkun efnisins á hreðkur. Þar eð hefur ekki verið tilkynnt um neina notkun á oxapiáprólíni í grænkáli í Sambandinu sem stendur þykir rétt, í samræmi við ákvörðun fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður <sup>(6)</sup>, að fastsetja nýtt hámarksgildi leifa sem nemur 1,5 mg/kg, sem Matvælaöryggisstofnunin lagði til, eingöngu fyrir oxapiáprólín í hreðkublöðum.
- 11) Að því er varðar pýraklóstróbín í papæjaldinum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar hvort fastsetja eigi nýtt hámarksgildi leifa við 0,6 mg/kg, eins og Matvælaöryggisstofnunin leiddi út á grundvelli mats á prófunum á leifum á papæjaldinum sem Brasilía lagði fram, eða við hámarksgildi leifa sem nemur 0,5 mg og sem er í gildi í útflutningslandinu Brasilíu. Í samræmi við tæknilegu viðmiðunarreglurnar um málsmeðferð við setningu hámarksgilda leifa <sup>(7)</sup> ætti hámarksgildi leifa, sem er fastsett innan ramma umsóknar um innflutningsvikmörk, ekki fara yfir það sem er samþykkt í útflutningslandinu. Þess vegna þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við gildið sem var fastsett í Brasilíu (0,5 mg/kg).
- 12) Að því er varðar allar framangreindar breytingar á hámarksgildum leifa fyrir sýflúmetófen, oxapiáprólín og pýraklóstróbín, sem umsækjendurnir óskuðu eftir, komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjendurnir óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu gagna um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að langtímaváhrif af völdum þessara efna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 13) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, uppfylla tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í þeirri reglugerð.
- 14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

<sup>(5)</sup> „Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue level for oxathiapiprolin in kales/radish leaves“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 7049.

„Reasoned Opinion on the setting of import tolerance for pyraclostrobin in papayas“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(6), 8056.

<sup>(6)</sup> Skýrsla frá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður, „Section Phytopharmaceuticals – Residues“, apríl 2022. [https://food.ec.europa.eu/system/files/2022-05/sc\\_phyto\\_20220411\\_ppl\\_sum.pdf](https://food.ec.europa.eu/system/files/2022-05/sc_phyto_20220411_ppl_sum.pdf).

<sup>(7)</sup> „Technical guidelines MRL setting procedure in accordance with Articles 6 to 11 of Regulation (EC) No 396/2005 and Article 8 of Regulation (EC) No 1107/2009“ (SANTE/2015/10595 Endursk. 6.1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VIÐAUKI

Í stað dálkanna fyrir sýflúmetófen, oxapíprólin og pýraklóstróbin í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um <sup>(a)</sup>	Sýflúmetófen (summa hverfna)	Oxapíprólin	Pýraklóstróbin (F)
010000	<b>NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR</b>			
011000	<b>Sítrusávéxtir</b>	0,5	0,05	2
0110010	Greipaldin			
0110020	Appelsínur			
0110030	Sítrónur			
0110040	Súraldin			
0110050	Mandarínur			
0110990	Annað (2)			
012000	<b>Trjáhnetur</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	
0120010	Möndlur			0,02 (*)
0120020	Parahnetur			0,02 (*)
0120030	Kasúhnetur			0,02 (*)
0120040	Kastaníuhnetur			0,02 (*)
0120050	Kókoshnetur			0,02 (*)
0120060	Heslihnetur			0,02 (*)
0120070	Goðahnetur			0,02 (*)

0120080	Pekanhnetur			0,02 (*)
0120090	Furuhnetukjarnar			0,02 (*)
0120100	Pistasíuhnetur			1
0120110	Valhnetur			0,02 (*)
0120990	Annað (2)			0,02 (*)
0130000	<b>Kjarnaávéxtir</b>	0,4	0,01 (*)	0,5
0130010	Epli			
0130020	Perur			
0130030	Kveði			
0130040	Trjámisspilsaldin			
0130050	Dúnepli/japansplómur			
0130990	Annað (2)			
0140000	<b>Steinaldín</b>		0,01 (*)	
0140010	Apríkósur	0,3		1
0140020	Kirsuber (sæt)	0,01 (*)		3
0140030	Ferskjur	0,3		0,3
0140040	Plómur	0,01 (*)		0,8
0140990	Annað (2)	0,01 (*)		0,02 (*)
0150000	<b>Ber og smá aldin</b>			
0151000	a) <b>Þrúgur</b>	0,6	0,7	
0151010	Vínber til neyslu			0,3
0151020	Vínþrúgur			2
0152000	b) <b>Jarðarber</b>	0,6	0,01 (*)	1,5
0153000	c) <b>Klungurber</b>	0,01 (*)		
0153010	Brómber		0,5	3
0153020	Daggarber		0,01 (*)	2
0153030	Hindber (rauð og gul)		0,5	3
0153990	Annað (2)		0,01 (*)	2

0154000	<b>d) Önnur smá aldin og ber</b>			
0154010	Aðalbláber	0,01 (*)	0,5	4
0154020	Trönuber	0,01 (*)	0,01 (*)	3
0154030	Sólber og rifsber (rauð og hvít)	0,01 (*)	0,01 (*)	3
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	0,01 (*)	0,01 (*)	3
0154050	Rósaldin	0,01 (*)	0,01 (*)	3
0154060	Mórber (svört og hvít)	0,01 (*)	0,01 (*)	3
0154070	Eplapýrniber/Miðjarðarhafstrjámisaldin	0,4	0,01 (*)	3
0154080	Yllyber	0,01 (*)	0,01 (*)	3
0154990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*)	3
0160000	<b>Ýmis aldin með</b>		0,01 (*)	
0161000	<b>a) Ætu hýði</b>			0,02 (*)
0161010	Döðlur	0,01 (*)		
0161020	Fíkjur	0,01 (*)		
0161030	Ólífur til átu	0,01 (*)		
0161040	Gullappelsínur	0,01 (*)		
0161050	Stjörnualdin	0,01 (*)		
0161060	Gallaldin	0,4		
0161070	Jövuþlómur	0,01 (*)		
0161990	Annað (2)	0,01 (*)		
0162000	<b>b) Óætu hýði, lítil</b>	0,01 (*)		
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)			0,02 (*)
0162020	Litkaber			0,02 (*)
0162030	Píslaraldin			0,2
0162040	Kaktusfíkjur			0,02 (*)
0162050	Stjörmuepli			0,02 (*)
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí			0,02 (*)

0162990	Annað (2)			0,02 (*)
0163000	c) <b>Óætu hýði, stór</b>	0,01 (*)		
0163010	Lárperur			0,2
0163020	Bananar			0,02 (*)
0163030	Mangó			0,6
0163040	Papæjualdin			<b>0,5</b>
0163050	Granatepli			0,02 (*)
0163060	Morgunberkjur			0,02 (*)
0163070	Gvövrur			0,02 (*)
0163080	Ananas			0,3
0163090	Brauðaldin			0,02 (*)
0163100	Dáraaldin			0,02 (*)
0163110	Nónberkjur			0,02 (*)
0163990	Annað (2)			0,02 (*)
0200000	<b>NÝTT eða FRYST GRÆNMETI</b>			
0210000	<b>Rótar- og hnýðisgrænmeti</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	
0211000	a) <b>Kartöflur</b>			0,02 (*)
0212000	b) <b>Hitabeltísrótar- og hnýðisgrænmeti</b>			0,02 (*)
0212010	Kassavarætur			
0212020	Sætar kartöflur			
0212030	Mjölrótarhnýði			
0212040	Örvarrætur			
0212990	Annað (2)			
0213000	c) <b>Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykkurrófum undanskildum</b>			
0213010	Rauðrófur			0,5
0213020	Gulrætur			0,5
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí			0,5
0213040	Piparrót			0,5

0213050	Ætihnúðar			0,06
0213060	Nípur			0,5
0213070	Steinseljurætur			0,5
0213080	Hreðkur			0,5
0213090	Hafursrætur			0,5
0213100	Gulrófur			0,5
0213110	Næpur			0,5
0213990	Annað (2)			0,02 (*)
0220000	<b>Laukar</b>	0,01 (*)		
0220010	Hvítlaukur		0,04	0,3
0220020	Laukar		0,04	1,5
0220030	Skalottlaukar		0,04	0,3
0220040	Vorlaukar og pípulaukar		2	1,5
0220990	Annað (2)		0,04	0,02 (*)
0230000	<b>Aldingrænmeti</b>			
0231000	<b>a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt</b>			
0231010	Tómatar	0,4	0,4	0,3
0231020	Paprikur	0,01 (*)	0,2	0,5
0231030	Eggaldin	0,4	0,4	0,3
0231040	Okrur	0,01 (*)	0,2	0,02 (*)
0231990	Annað (2)	0,01 (*)	0,2	0,02 (*)
0232000	<b>b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</b>	<b>0,4</b>	0,2	0,5
0232010	Gúrkur			
0232020	Smágúrkur			
0232030	Dvergbítar			
0232990	Annað (2)			



0233000	<b>c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</b>	0,01 (*)	0,2	0,5
0233010	Melónur			
0233020	Risagrasker			
0233030	Vatnsmelónur			
0233990	Annað (2)			
0234000	<b>d) Sykurmaís</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,04
0239000	<b>e) Annað aldingrænmeti</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
0240000	<b>Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)</b>	0,01 (*)		
0241000	<b>a) Blómstrandi kál</b>		1,5	0,5
0241010	Spergilkál			
0241020	Blómkál			
0241990	Annað (2)			
0242000	<b>b) Kálhöfuð</b>			
0242010	Rósakál		0,01 (*)	0,3
0242020	Höfuðkál		0,7	0,4
0242990	Annað (2)		0,01 (*)	0,02 (*)
0243000	<b>c) Blaðkál</b>			1,5
0243010	Kínakál		9	
0243020	Grænkál		0,01 (*) (+)	
0243990	Annað (2)		0,01 (*)	
0244000	<b>d) Hnúðkál</b>		0,01 (*)	0,02 (*)
0250000	<b>Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm</b>			
0251000	<b>a) Salat og salatplöntur</b>	0,01 (*)	5	
0251010	Vorsalat/strábrúða			10
0251020	Salat			2
0251030	Breiðblaða salatfíflar			0,4

0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar			10
0251050	Vetrarkarsi			10
0251060	Klettsalat			10
0251070	Sinnepskál			10
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i> )			10
0251990	Annað (2)			10
0252000	<b>b) Spínat og áþekk blöð</b>	0,01 (*)	15	
0252010	Spínat			0,6
0252020	Súpugull			0,02 (*)
0252030	Blaðbeðjur			1,5
0252990	Annað (2)			0,02 (*)
0253000	<b>c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir</b>	0,01 (*)	40	0,02 (*)
0254000	<b>d) Brunnerla</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
0255000	<b>e) Jólasalat/salatffílar</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,09
0256000	<b>f) Kryddjurtir og æt blóm</b>	0,02 (*)		2
0256010	Kerfill		0,02 (*)	
0256020	Graslaukur		0,02 (*)	
0256030	Blöð af selleríi		0,02 (*)	
0256040	Steinselja		0,02 (*)	
0256050	Salvía		0,02 (*)	
0256060	Rósmarín		0,02 (*)	
0256070	Garðablóðberg		0,02 (*)	
0256080	Basilíka og æt blóm		10	
0256090	Lárviðarlauf		0,02 (*)	
0256100	Fáfnisgras		0,02 (*)	
0256990	Annað (2)		0,02 (*)	

0260000	<b>Belgávextir</b>	0,01 (*)		
0260010	Baunir (með fræbelg)		0,01 (*)	0,6
0260020	Baunir (án fræbelgs)		0,01 (*)	0,3
0260030	Ertur (með fræbelg)		1	0,6
0260040	Ertur (án fræbelgs)		0,01 (*)	0,15
0260050	Linsubaunir		0,01 (*)	0,02 (*)
0260990	Annað (2)		0,01 (*)	0,02 (*)
0270000	<b>Stöngulgrænmeti</b>	0,01 (*)		
0270010	Sperglar		2	0,02 (*)
0270020	Salatþistlar		0,01 (*)	0,02 (*)
0270030	Sellerí		0,01 (*)	1,5
0270040	Hnúðfenníkur		0,01 (*)	1,5
0270050	Ætjþistlar		0,01 (*)	3
0270060	Blaðlaukar		2	0,8
0270070	Rabarbarar		0,01 (*)	0,02 (*)
0270080	Bambussprotar		0,01 (*)	0,02 (*)
0270090	Pálmakjarnar		0,01 (*)	0,02 (*)
0270990	Annað (2)		0,01 (*)	0,02 (*)
0280000	<b>Sveppir, mosar og fléttur</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir			
0280020	Villtir sveppir			
0280990	Mosar og fléttur			
0290000	<b>Þörungar og dreifkjörnungslifverur</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
0300000	<b>BELGÁVEXTIR</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	
0300010	Baunir			0,3
0300020	Linsubaunir			0,5
0300030	Ertur			0,3

0300040	Lúpínur/lúpínubaunir			0,05
0300990	Annað (2)			0,3
0400000	<b>OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	
0401000	<b>Olíufræ</b>			
0401010	Hörfræ			0,2
0401020	Jarðhnetur			0,04
0401030	Valmúafrae			0,2
0401040	Sesamfræ			0,2
0401050	Sólblómafræ			0,3
0401060	Repjufræ			0,2
0401070	Sojabaunir			0,2
0401080	Mustarðsfræ			0,2
0401090	Baðmullarfræ			0,3
0401100	Risagraskersfræ			0,02 (*)
0401110	Litunarþistilsfræ			0,2
0401120	Hjólkrónufræ			0,2
0401130	Akurdoðrufrae			0,2
0401140	Hampfræ			0,02 (*)
0401150	Kristpálmafræ			0,2
0401990	Annað (2)			0,02 (*)
0402000	<b>Olíurík aldin</b>			0,02 (*)
0402010	Ólífur til olíuframléiðslu			
0402020	Olíupálmakjarnar			
0402030	Olíupálmaaldin			
0402040	Dúnviðaraldin			
0402990	Annað (2)			
0500000	<b>KORNVÖRUR</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	
0500010	Bygg			1

0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir			0,02 (*)
0500030	Maís			0,02 (*)
0500040	Hirsi			0,02 (*)
0500050	Hafrar			1
0500060	Hrísgrjón			0,09
0500070	Rúgur			0,2
0500080	Dúrri			0,5
0500090	Hveiti			0,2
0500990	Annað (2)			0,02 (*)
0600000	<b>TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ</b>	0,05 (*)		
0610000	<b>Te</b>		0,05 (*)	0,1 (*)
0620000	<b>Kaffibaunir</b>		0,05 (*)	0,3
0630000	<b>Jurtate úr</b>			0,1 (*)
0631000	<b>a) Blómum</b>		0,05 (*)	
0631010	Gæsajurt			
0631020	Læknaólfrur			
0631030	Rósir			
0631040	Jasmína			
0631050	Lindiblóm			
0631990	Annað (2)			
0632000	<b>b) Blöðum og kryddjurtum</b>		0,05 (*)	
0632010	Jarðarber			
0632020	Rauðrunnalauf			
0632030	Indíánaþyrnislaufr			
0632990	Annað (2)			
0633000	<b>c) Rótum</b>			
0633010	Garðabrúða		0,05 (*)	

0633020	Ginseng		0,15	
0633990	Annað (2)		0,05 (*)	
0639000	<b>d) Öðrum plöntuhlutum</b>		0,05 (*)	
0640000	<b>Kakóbaunir</b>		0,05 (*)	0,1 (*)
0650000	<b>Jóhannesarbrauð</b>		0,05 (*)	0,1 (*)
0700000	<b>HUMLAR</b>	30	8	15
0800000	<b>KRYDD</b>			
0810000	<b>Krydd úr fræjum</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0810010	Anís/anísfræ			
0810020	Ilmfrú			
0810030	Sellerí			
0810040	Kóríander			
0810050	Kúmín			
0810060	Dill			
0810070	Fenníkur			
0810080	Grikkjasmári			
0810090	Múskat			
0810990	Annað (2)			
0820000	<b>Aldinkrydd</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0820010	Allrahanda			
0820020	Kínapipar			
0820030	Kúmen			
0820040	Kardimommur			
0820050	Einiber			
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)			
0820070	Vanilla			
0820080	Tamarind			
0820990	Annað (2)			

0830000	<b>Barkarkrydd</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0830010	Kanill			
0830990	Annað (2)			
0840000	<b>Krydd úr rótum og jarðstönglum</b>			
0840010	Lakkrís	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0840020	Engifer (10)			
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0840040	Piparrót (11)			
0840990	Annað (2)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0850000	<b>Blómhnappakrydd</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0850010	Negull			
0850020	Kapers			
0850990	Annað (2)			
0860000	<b>Frævukrydd</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0860010	Saffran			
0860990	Annað (2)			
0870000	<b>Frækápukrydd</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)
0870010	Múskatblóm			
0870990	Annað (2)			
0900000	<b>SYKURPLÖNTUR</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	
0900010	Sykkurrófurætur			0,2
0900020	Sykkurreyr			0,08
0900030	Kaffifíflsrætur			0,5
0900990	Annað (2)			0,02 (*)
1000000	<b>AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR</b>			
1010000	<b>Vörur úr</b>		0,01 (*)	0,05 (*)
1011000	a) <b>Svínnum</b>			
1011010	Vöðvi	0,01 (*) (+)		

1011020	Fita	0,01 (*) (+)		
1011030	Lifur	0,02 (+)		
1011040	Nýru	0,02 (+)		
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02		
1011990	Annað (2)	0,01 (*)		
1012000	<b>b) Nautgripum</b>	0,01 (*)		
1012010	Vöðvi	(+)		
1012020	Fita	(+)		
1012030	Lifur	(+)		
1012040	Nýru	(+)		
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)			
1012990	Annað (2)			
1013000	<b>c) Sauðfé</b>			
1013010	Vöðvi	0,01 (*) (+)		
1013020	Fita	0,01 (*) (+)		
1013030	Lifur	0,02 (+)		
1013040	Nýru	0,02 (+)		
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02		
1013990	Annað (2)	0,01 (*)		
1014000	<b>d) Geitum</b>			
1014010	Vöðvi	0,01 (*) (+)		
1014020	Fita	0,01 (*) (+)		
1014030	Lifur	0,02 (+)		
1014040	Nýru	0,02 (+)		
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02		
1014990	Annað (2)	0,01 (*)		
1015000	<b>e) Hestum</b>	0,01 (*)		
1015010	Vöðvi	(+)		



1015020	Fita	(+)		
1015030	Lifur	(+)		
1015040	Nýru	(+)		
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)			
1015990	Annað (2)			
1016000	<b>f) Alifuglum</b>	0,01 (*)		
1016010	Vöðvi			
1016020	Fita			
1016030	Lifur			
1016040	Nýru			
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)			
1016990	Annað (2)			
1017000	<b>g) Öðrum öldum landdýrum</b>			
1017010	Vöðvi	0,01 (*)		
1017020	Fita	0,01 (*)		
1017030	Lifur	0,02		
1017040	Nýru	0,02		
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02		
1017990	Annað (2)	0,01 (*)		
1020000	<b>Mjólk</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
1020010	Nautgripir	(+)		
1020020	Sauðfé	(+)		
1020030	Geitur	(+)		
1020040	Hestar	(+)		
1020990	Annað (2)			
1030000	<b>Fuglsegg</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,05 (*)
1030010	Hænsni			

1030020	Endur			
1030030	Gæsir			
1030040	Kornhænur			
1030990	Annað (2)			
1040000	<b>Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
1050000	<b>Froskdýr og skriðdýr</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,05 (*)
1060000	<b>Landhryggleysingjar</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,05 (*)
1070000	<b>Villt landhryggdýr</b>	0,01 (*)	0,01 (*)	0,05 (*)
1100000	<b>AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)</b>			
1200000	<b>AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)</b>			
1300000	<b>UNNIN MATVÆLI (9)</b>			

(\*) Neðri greiningarmörk

(<sup>a</sup>) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka

(<sup>†</sup>) Samsetningar varnarefnis og afurðar sem neðanmálgrein er til um. Skráin yfir neðanmálgreinar kemur fram hér á eftir.

#### Sýflúmetófen (summa hverfna)

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 27. janúar 2025 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**1011010 Vöðvi**

**1011020 Fita**

**1011030 Lifur**

**1011040 Nýru**

**1012010 Vöðvi**

**1012020 Fita**

**1012030 Lifur**

**1012040 Nýru**

**1013010 Vöðvi**

**1013020 Fita**

**1013030 Lifur**

**1013040 Nýru**

**1014010 Vöðvi**

**1014020 Fita**

**1014030 Lifur**

---

1014040 Nýru  
1015010 Vöðvi  
1015020 Fita  
1015030 Lifur  
1015040 Nýru  
1020010 Nautgripir  
1020020 Sauðfé  
1020030 Geitur  
1020040 Hestar

**Oxapíprólín**

Eftirfarandi hámarksgildi leifa eiga við um hreðkublöð: 1,5 mg/kg.

**0243020 Grænkál**

**Pýraklóstróbín (F)**

(F) Fituleysanlegt“

---